

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2023, föstudaginn 13. október var haldinn 417. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 15:35.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson formaður, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Bjarni Theódór Bjarnason Garðabæ og Valdimar Birgisson varamaður fyrir Sævar Birgisson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri, Anna Karen Arnarsdóttir fjármálastjóri, Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tillaga að gjaldskrá skíðasvæðanna 2024. Samþykkt.
1. Lögð fram fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2024. Samþykkt.
3. Lagðar fram svohljóðandi tillögur formanns:

Samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins leggur til við stjórn SSH að farið verði í þá vinnu að uppfæra nánar þarfagreiningu og kostnaðaráætlanir vegna þeirrar uppbyggingar sem áætluð er á skíðasvæðinu í Skálafelli ásamt því að greina og fjalla frekar um þá þætti sem geta haft áhrif á fyrrgreinda uppbyggingu.

Á þeim tíma sem sú vinna stendur yfir verði öllum frekari framkvæmdum í Skálafelli sem fyrirhugaðar voru samkvæmt samstarfssamningi sveitarfélaganna frestað um tvö til þrjá ár.

Vinna við ofangreint fari fram á árinu 2024 á vettvangi verkefnahóps um framkvæmdir á skíðasvæðunum og niðurstöður kynntar samstarfsnefnd skíðasvæðanna og í framhaldinu stjórn SSH. Að lokinni umræðum og ákvörðun verði samningurinn á milli sveitarfélaganna um Skálafell uppfærður. Að teknu tilliti til framangreinds er fjárfesting ársins 2024 áætluð 250 millj kr.

Samþykkt.

Þá leggur samstarfsnefnd skíðasvæðanna til að veturinn 2023/2024 verði rekstrarfé til skíðasvæðanna beint sérstaklega til Bláfjallasvæðisins að undanskildu fjármagni vegna fasts rekstrarkostnaðar Skálafells. Með þessum hætti má bæta þjónustu í Bláfjöllum í kjölfar þeirra innviðaupbyggingar sem þar hefur farið fram.

Samþykkt með 5 atkvæðum fulltrúa Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Seltjarnarness og Garðabæjar. Fulltrúi Mosfellsbæjar sat hjá.

Fundi slitið kl. 17:40.

Þorvaldur Daníelsson

Kristín María Thoroddsen
Valdimar Birgisson
Magnús Örn Guðmundsson

Bjarni Theódór Bjarnason
Andri Steinn Hilmarsson